

28. september 2015

Tilkynning frá Mjólkursamsölu

Mjólkursamsalan hefur ákveðið að taka úr sölu og innkalla eina tiltekna framleiðslulotu af Stoðmjólk. Þessar fernur eru merktar: Best fyrir 04.10.2015.

Ástæða innköllunarinnar er að þessi [framleiðslulota vörunnar](#) stenst ekki bragðkröfur þegar á geymsluþolið líður.

Upplýsingar um vöruna:

Vöruheiti:	Stoðmjólk
Strikamerki:	5690527185004
Nettómagn:	500 ml
Best fyrir dagsetning:	04.10.2015

Neytendum sem keypt hafa vöruna með framangreindri dagsetningu er bent á að þeir geta skilað vörunni í þá verslun þar sem hún var keypt eða snúið sér beint til Mjólkursamsölu.

Mjólkursamsalan biður neytendur velvirðingar á þeim óþægindum sem af þessu getur hafa skapast.

Nánari upplýsingar veita starfsmenn gæðadeildar Mjólkursamsölu í síma 450 1100 eða hægt er að koma ábendingum á framfæri í netfangið Geirj@ms.is